

Frames ehf.
Nethyl 2A
110 Reykjavík



Vestmannaeyjum 11. júlí 2016
UST201606-181/P.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Þríhnúkagígur og Leiðarendi

Umhverfisstofnun hefur móttækið erindi 23 Framnes, dags. 22. júní 2016, vegna leyfis til kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs í Leiðarenda og innan Bláfjallafólkvangs í Þríhnúkagíg fyrir verkefnið Mara á tímabilinu 20-23. júlí 2016.

Bláfjallafólkvangur var stofnaður árið 1973, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 97/1973. Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask innan fólkvanganna er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar: Við Leiðarenda færu tökur fram rétt fyrir innan opið, síðan aðeins lengra inn hellinn og svo í beygjunni sem kemur stuttu eftir fyrstu beygju til hægri. Við Þríhnúka færu tökur fram neðan við opið. Á hverjum tókustað verða 3-5 starfsmenn í einu auk leikara. Leikarar eru 2-7 á hverjum stað nema á einum tókustað við Leiðarenda verða 10 leikarar. Engin leikmynd verður sett upp fyrir utan bein og gæru í Leiðarenda. Lítil ljós verða keyrð á batteríum á meðan tókum stendur. Hugsanlega verður sett upp salernisaðstaða á bílastæði við Leiðarenda.

Áhrifamat:


Umhverfisstofnun metur sem svo miðað við ofangreinda verkefnalýsingu fyrir Þríhnúka að kvikmyndatökan þar sé ekki leyfis skyld. Ekki er talið líklegt að tókurnar muni skilja eftir sig varanlegt rask sé þess gætt að fara eftir þeim umgengisreglum sem um hellinn gildi og haldi sig innan afmarkaðra gönguleiða. Að mati Umhverfisstofnunar er talin vera meiri hættu á raski við Leiðarenda. Hellirinn hefur látið á sjá á undanförunum árum vegna ágangs og er mælt til þess að sérstakrar varúðar sé gætt við tökum þar. Umhverfisstofnun heimilar þó kvikmyndatökurnar fyrir sitt leiti miðað við ofangreinda verkefnalýsingu að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tökum hefjast og þegar frágangi líkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er að leggja bílum utan vega við vegstæðin. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka.
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökurnar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Þess skal gætt að raska ekki jarðminjum í Leiðarenda, gæta skal að því að rekast ekki í vegg og loft hellisins.
- Starfsfólk verkefnisins notist við öryggis og hlífðarbúnað eftir því sem við á.

- Meðferð opins elds er óheimil í hellunum.
- Tökur skulu fara fram þegar umferð um svæðið er lítil. Óheimilt er að hindra fõr annara um hellinn.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tökur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tökunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir starfsemi og framkvæmdir á friðlýstum svæðum er 39.400 kr., sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst


Gunnlaug Einarsdóttir
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur